

LEIFUR.

3. ár.

Winnipeg, Manitoba, 25. september 1895.

Nr. 10

Vikublaðið „LEIFUR“ kemur út á hverjum föstudag og hefur það verið gefið út síðan 1. janúar 1895. Áðurnefnið er: Noregshættan. Stofnunin er: Leifur. Tölvur eru á blaðinu gjöldir ekki, nema með 1 mánuði fyrirvara.

FRJETTIR UTLENDAR.

Síðan Gladstone gamli kom úr Noregsfor-
inni, hefur hann verið ern og fílskur sem ung-
lingur, ead er hann nú búin að ákveða að verða
við bön flokks slus, og sækja um þingmennsku-
stöðu aptur. Hefir hann látið prenta ávarp sitt
og útbýta því meðal sinna fornu kjósenda í kjör-
hjeradinu Midlothian. Byrjar það með því, að
biðja þá að endurnýja traust þeirra á sjer og
greiða atkvæðin honum í vil á komandi kóning
ardegj; segir hann að dráttur sá, er um sje
kvartað á löggjöf, sje Salisbury-flokknum að
kenna. Hin fríðsmalegu endalok Afghana málsins
segir hann að sje slum flokki að þakka, hann
hafi tekið við því máli þegar Afghani voru allir
sundurdrifnir í huga og fullir óeyrða, en nú
sje þar friður og eindregni. Með því að gefa
eptir Transvaal, í Suður Afríku, hafi hann kom-
ið í veg fyrir stríð og styrjöld á milli Norderálfu
þjóða í Afríku; meðkennir hann að stjórn sinni
hafi margt og mikið yfirsjert í Egypta- og Sú-
dan víðereigninni, en segir jafnframt, að mó-
stóðuflokkurinn sje í þeirri grein jafn sekar slum
flokki; segir að upphaf allra þessara egyptzku
óeirða, megi rekja til erlendra stjórna milligöngu
og kveðst hann árlega hafa kvartað undan því
sláa árið 1876; æskir því að svo fljótt sem heid-
ur Bretalaeyfi, dragi þeir alla herflokkka sína
burt úr Egyptalandi. Eptir að hafa minnst á
ýms innlend alþýðumál, (ef til vill, var það
markverðasta atriðið í þeim málum, að hann
ljét í ljósi vilja til að veita hjeradastjórnun vald
til að kaupa fasteignir fyrir heid fátækra dag-
launamanna), minnst hann á Írland og vand-
nað amál þess; kveðst hann ekki trú, að einhver
af þessara aldar pólitísku vitringum ekki geti
hitt á eitthvert það ráð, er sigri óeirðirnar og
setti báða málspjót; jafnframt segir hann, að
hinir pólitísku flokkar geti gjarnan áskað hver
auman, eptir því sem á stendur, um illa stjórn á
Írlandi, en segir að það megi fullyrða, að dómur
alls hins síðada heims áskai þá báða jafnt. Einn
frenur segir hann (og það ætla menn að Parnell
egi), að sá maður eða þeir menn sem vald hafi
yfir ískri alþýðu, til að eila vinskaf og einingu
nóðal þjóðanna, en sem brúka það vald til að
auka fjandskap, og ef hægt væri, að koma á mör-
byrðisstríði, þá hljóti sá maður að hafa nafn sitt
fyrirlytið badi af sögunni og ókomnum kynslóð-
um. Lávarðadeild þingsins, segir hann að þurfi
vissulega mikil breytinga með, en kveðst treysta
því að lávarðunum verði gæð samvinnulegt vald
samkvæmt tign þeirra og samkvæmt víðdómaleg-
um skilnálaum. Þegar ávarp þetta kom fyrir
almenningsþing, færist eins og nýtt líf í fjala-
lynda flokkina og bláða. Því þá þótti allast að
þessi Grand Old Man ætlaði en þá eina síni að
takast á hendur að stjórna flokki sínum, eptir
að næstu kóningar eru afstaddir. — Rjett eptir
að ávarpið kom út, var sú fregn útbreidd, að
kóningunum yrði frestað, en hvort það er satt
vita menn enn ekki.

Í hofsborg Eystri Roumelíu, er Philippopolis
heiti. Var gjóð skonegleg uppreist hinn 18. p.
m. Svo að segja hveit mansbarn í borginni tók.
til vopna um morguninn, hjelt til landshofsfjoga
setursins, tók hann hendum og afsagði stjórn
hans, en í þess stað auglýsti að Eystri Roumelia
verði sameinuð Bulgariu. Gekk þetta allt af

nó stóðulast, því allir voru á sama máli, að
undrskildum fám fylgiskum landshofsfjögans.
Var því næst mynduð ný stjórn samkvæmt log-
um og landsrjetti í Bulgariu. Símdægurs var
tekið til að safna monnum til herþjóðustu undir
merkjum Alexandris prins af Bulgariu, og urðu
allir að sverja honum höllustueiða. Sama dag
ljét Alexandir prins það bód út ganga, að þar-
eð það væri alþýðu vilji að Bulgariu og Eystri
Roumelia væri sameinuð undir eina stjórn, þá
tæki hann hjer með að sjer að gjörast stjórnari
hins sameinada veldis; skorar hann á alla góða
þegna að styðja að viðhaldi friðar og eindregni
meðal alþýðu. Allir útlendingar og eignir þeirra
í Roumeliu, eru látnar í friði og þeim gefin full-
vissa um að engu skuli haggad, þrátt fyrir þessa
stjórnarbyltingu. Er það grunur manna að þetta
sje fyrir undirbúður Russa, og að um þetta hafi
verið rætt á keisarafundinum í Kremsier, jafn-
framt og það var ályktad að Austuríkismenn væri
frjálsir að taka undir sig bæði Bosniú og Herzi-
govina. Það er og mælt, að ef Tyrkir vilji ygla
sig, þá muni Rússar reidubúinir til að standa að
baki Roumelíumanna.

Laugadaginn 19. p. m. var haldin stjórn-
atráðsfundur í Konstantinopel til að ræða um
þetta upphlaup, var þar ákveðið að senda áskor-
un til stórveldanna, um að við halda rjetti og
tign Tyrkja í Eystri Roumelia; þar var og ákveð-
ið að draga saman liðsala nú þegar í borginni
Adrianopel.

A stórvoldafundi í Berlin, árið 1878, var
Austur Roumelia mynduð og gjörð að sjálfstæðu
ríki, er staði undir vernd Tyrkja, skyldi soldán
kjósa landshofsfjögja með samþykki stórveldanna,
og skyldi hann kosinn til 5 ári í senn. Íbúar
Eystri Roumeliu eru um 750,000. Þegar Dis-
reali lávarður (Lord Beaconsfield) fjeck þetta fyr-
irkomulag samþykkt á Berlínarsfundinum, spáði
Gladstone að svona mundi fara með tímanum
og þykir það nú framkvæmt.

Það er mælt að Bismarck hafi nýlega
mátt lúta fyrir vilja Vilhjálms keisara Bismarck
vildi, sem sje: halda Karólmueyjunum hvað sem
Spánverjar segðu, en Vilhjálmur gamli vildi það
ekki, heldur ritaði Alfonso kóngi, og fullviss-
aði hann um, að hann vildi ekki móðga hann nje
Spánarveldi með að taka eyjarnar. Hann metti
hina langvarandi vínaðu milli ríkjanna meir enn
svo; hann kveðst einungis verða að heimta að
Spínv, taki þá algjört eignarvald yfir eyjunum,
svo það sje engum vafa undir orpið hver þær
eigi. Þrátt fyrir þetta er Spánarstjórn nauð-
þygð til að biðja fyrirgefnar fyrir skriflinn í
Madrid.

Í Smálandahjeradi í Noregi fantzt fyrir
skömmu gamall haugur með nokkru af merktum
fornleifum. Landeigandinn ljét ryðja burtu grjóf
hrúgu eða dys nokkuri, og er verið var að því,
sáu menn að þetta var grundvallur fornaldar
hangs. Hja stórum jarðbustum steini, er stöð í
miðju, fannst leikkrús með brúnum beinum í
líklega þess sem þar hefir verið heygður. Auk
þess fundu menn þar hefir af glerkeri, handar-
haldsbrot úr Bronzi, er ætlað er að hafi verið
af trjelláti, al (Sil) úr bronzi, tvo fingurhringa
úr gulli var annar þeirra mjög fagur og í hann
greiptur gímsteinninn Agat, trær gullnalar, part
ar silfurbelti með upphleyptum gíltum rósúm
smáperlu úr gleri og rafi; einnig fannst þar
nokkuð af járnverkfærum, þar á meðal sax eitt
lítið og bjughnifur. Það er ætlan manna, að
hjer hafi krennaður heygður verið, og muni
vera frá því á 5. öld. Eigandinn hefir fengð
háskóla forngrípasafnuu fund sinn í hendur.

Hin víðfræga sænska söngkona Kristina Nils-
son, er nú á kynnisferð um Norveg; kom hún
fyrst til Bergen og var þar mikillega fagnad,
allar gótur voru fullar af fólki, og er hún ók í
opnum vagni að hóteliu frá hófuinni, rigndi
yfir hana blómknúppum úr öllum áttum, svo
vagninn mætti helta fullur af blómstrum þegar
hún steig úr honum.

Í veizlu þeirri er Danakonungur hjelt börn-
um snum og barnabörnum á fimmtud. 10. p.
m. voru. Rússakeisari, kona hans og börn, prins
inn af Wales, kona hans og börn, Georg I.
Grikkjakonungur með konu sína og börn og Valdi-
mar prins; auk þessara voru um 50 aðrir börn-
gestir. — Hinn 18. p. m. lagði prinsessan af Wales
hrynningarsteininn undir enska kirkju (Church of
England), sem verið er að byggja í Khófu og
helgaði hana St. Albin.

Valdimar prins, yngsti sonur Kristjáns kón-
ungs IX., er trúlofaður Marlu prinsessu af Or-
leans, sem er stórauðug. Er ráðgjört að þau
gíptist í lok þessa mánaðar; vigslan á að fara
frum í húsi prinsins af Paris.

REYKJAVÍK, 13. ágúst 1895.

„Storminn“ eptir Shakespeare í íslenskri þýð-
ingu eptir Eirík Magnússon, M. A., er nú verið
að prenta í nýju prentsmíðjunni, er
Sigmundur Guðmundsson hefir endurskoðad;
prentsmíðja þessi er vandadri að öllu einu áður,
bæði að lettrum og prentvjelum.

Good-Templars-fjelagið fer góðan
viðgang. Nú eru gengin í það um 90 manna
hjer í bænum. Önnur deild stofund í Hafnar-
firði.

(Fjallkonan).

Þau af íslensku blöðunum, er oss hafa bor-
ist í hendur nú nýlega, geta alls ekkert um tíð-
arfar heima, enn úr öðrum áttum hófum vjer
heytt, að það hafi verið æskilegt eptir að kom-
fram í júlíánuð, og þannig skrifar frjettaritar
blaðsins Minneapolis Tribune er staddur var í
Rvík fyrri part ágústmánaðar.

FRA BANDARIKJUM.

NEW YORK. Hið amerískanska seglskip Puritan
frá Boston vann kappsiglinguna á New Yorkhöfn;
var að eins einni minútu á undan enska bátinum
Genesta. Verður því kaleikur sá er um var keppt,
eptir í Ameríku í þetta skipti, en líklega verður
ur ekki langt þar til önnur tilraun verður gjörð
með að ná honum; hann er úr silfri og gull-
smeltur, er tveggja feta hár, og kostaði \$500.
Daginn eptir (hinn 18.) var þreytt önnur kapp-
sigling, og voru hæstu verðlaunin silfurkaleikur;
þreyttu 11 jaktir við að ná honum og hreppti
Genesta hann; var langt á undan hinum öðrum,
Puritan mátti þá ekki koma fram. Þrátt fyrir
það þó svona færi, álita allir sem vit hafa á, að
Genesta sje betra gangskip en Puritan.

Bandaðkjastjórnin er orðin brædd við bólu
veikina í Montreal; hefir skipað að skoða gaumi-
gæfilega alla farþegja á járnbrautum, er fara
suður yfir landamerin hjá Detroit í Michiganríki-
inu, en ekkert hefir enn verið afgjört með að
skoða farþegja, er fara beint frá Montreal aust-
ur til Maine, Vermont eða New York.

Ráðgjört er að bygja einu eina brautina á
milli New York og Chicago, þó þeir, sem nú
eiga brautir þar, sjái ekki hvernig þeir eiga að
lifa af þeim eignum sínum. Þessi tyrirhugaða
braut kvað eiga að verða mikið styttir en nokk-
ur hinna.